

Reykjavík,  
11. apríl 2002

Alþingi  
-Nefndasvið-  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

**Frumvarp til laga** um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (reynslulausn). 127. löggjafarþing 2001–2002. þskj. 778 — 491. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Í frumvarpinu er lagt til, að 2. másl. 5. mgr. 40. gr. laganna orðist svo: *Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar sem er styttri en 30 dagar.* Núgildandi 5. mgr. 40. gr. hljóðar svo: "Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar." Með þeirri breytingu, sem lögð er til mundi því málsgreinin hljóða: "Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar **sem er styttri en 30 dagar.**"

Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið, að Umboðsmaður Alþingis hafi í máli nr. 2424/1998 sagt:

"að réttarstaða þeirra sem afpláni vararefsingu fésekta sé að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga sem sviptir hafa verið frelsi sínu með refsivist. Tilgangur reynslu lausnar sé að takmarka andfélagsleg áhrif frelisskerðingar til lengri tíma og aðstoða fanga í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum sem þeirra bíða við lok refsivistar og það geti jafnt átt við um þá menn sem afplána óskilorðsbundinn fangelsisdóm og þá sem sviptir eru frelsi sínu vegna ógreiddra fésekta. Þá telur umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésektar að viðlagðri vararefsingu reynist dómpólum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin fangelsisrefsing þar sem fésektir séu vægasta tegund refsinga samkvæmt lögnum. Loks telur umboðsmaður verulegan vafa leika á því að fært sé að útiloka fanga sem afplánaði vararefsingu fésekta og fullnægði að öðru leyti skilyrðum laganna frá möguleika á reynslulausn sökum þess að hann gæti stýtt afplánunartíma sinn ef hann hefði til þess fjárhagslegt bolmagn."

Löggjafinn brást m.a. við þeim málum, sem Umboðsmaður fjallaði um í málum nr. 2423 og 2424/1998 með því að breyta 5. mgr. 40. gr. í það horf, sem hún er nú og með því að breyta lögum nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist með lögum nr. 123/1997, en þar var með 4. gr. lögfest ný

26. gr. a., þar sem segir: "Nú innheimtist fésekt ekki og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 20 klukkustundir og mest 480 klukkustundir."

Verðu þannig ekki annað séð en löggjafinn hafi þegar tekið á þeim álitaeftum, sem Umboðsmaður Alþingis fjallaði um í álitum sínum.

Einnig verður að hafa í huga, að yrði það frumvarp að lögum, sem hér er fjallað um, væri verið mynda ósamræmi innan þess hluta almennra hegningarlaga, sem frumvarpið leggur til að breytt verði, þar á meðal innan 5. mgr. 40. gr. sjálfrar, svo og við tengd lagaákvæði.

Laganefnd hefur í fyrri umsögnum um tillögur til breytinga á almennum hegningarlögum, og raunar fleiri lagabálkum, lagst gegn því að gerðar séu breytingar á einstökum ákvæðum án þess að gætt sé heildarsamræmis.

Samkvæmt því sem að ofan er sagt getur laganefnd Lögmannafélags Íslands ekki mælt með, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jakob R. Möller, hrl.  
formaður